

## Stroksýni

### Útbúnaður

- Hlífðarfatnaður, einnota hanskar og andlitsgríma
- Hlífðarfatnaður í þeim tilvikum þar sem miklar líkur eru á smithættu fyrir fólk:
  - a. einnota hlífðargalli með hettu
  - b. einnota andlitsgrímur sem uppfylla P3 staðal (FFP3 D, EN 149:2001)
  - c. öryggisgleraugun
  - d. skófatnaður sem hægt er að sótthreinsa eða einnota hlífðarskór
- Pinnar (ekki úr bómull eða með tréskaft)
- Sýnaglas með æti  
Litur á ætinu skal vera rauður. Útrunnin sýnaglös eru nothæf ef ætið er ennþá rautt. Glösum með gulu æti skal henda
- Skæri eða klippur ef ekki er hægt að brjóta skaftið á pinnanum
- Tússpenni
- Góður pappakassi til sendingar
- Rannsóknarbeiðni

### Sýnataka

- Klæðist hlífðarfatnaði
- Takið þann fjölda stroksýna sem fyrir var mælt um
  - Ef um stakan fugl er að ræða skal að öllu jöfnu taka eitt stroksýni úr öndunarfærum (helst barka en að öðrum kosti úr koki) og eitt stroksýni úr gotrauf (cloaca) og setja í sitt hvort glasið
  - Glösin skal merkja með hlaupanúmeri
- Pinninn er tekinn úr umbúðum með því að taka um skaft og án þess að snerta toppinn pinnans
- Stroksýni úr öndunarfærum:
  - Sýni úr barka eru tekin fyrir aftan munn úr barka með því að toga tunguna varlega út. Þannig sést í aftari hluta tungunnar og ofarlega í barkann
  - Stroksýni úr koki eru tekin með því að strjúka með pinnanum fram og til baka innan í munni fuglsins, aftarlega við barkakýlið og beggja megin undir og fyrir aftan tunguna. Þessi sýni henta best fyrir litla fugla ef pinninn er of stór fyrir sýni úr barkanum
- Stroksýni úr gotrauf eru tekin með því að setja allan pinnann í gotraufina og strjúka yfir slímhimnuna í tveimur til fjórum hringjum. Ef mikið drit er á pinnanum er gott að hrista það af
- Toppur pinnans er settur í sýnaglassið og skaftið brotið eða klippt með skæri eða klippu. Ef áhöld eru notuð skal sótthreinsa þau með sótthreinsispritti eftir hvern pinna
- Ef sýni eru tekin úr fleiri fuglum skal safna sýnum úr öndunarfærum í eitt glas og sýnum úr gotrauf í annað glas. Það er hægt að safna mest fimm pinnum í eitt glas. Ef pinnar eru með stórum toppi getur verið að ekki sé hægt að setja fleiri en þrjá pinna í sama glasið.  
Ekki skal blanda saman í sama glas pinnum úr öndunarfærum og gotrauf
- Hræið er látið liggja á fundarstað

## Söfnun á fuglum

### Útbúnaður

- Hlífðarfátnaður, einnota hanskar og andlitsgríma
- Hlífðarfátnaður í þeim tilvikum þar sem miklar líkur eru á smithættu fyrir fólk:
  - a. einnota hlífðargalli með hettu
  - b. einnota andlitsgrímur sem uppfylla P3 staðal (FFP3 D, EN 149:2001)
  - c. öryggisgleraugun
  - d. skófátnaður sem hægt er að sótthreinsa eða einnota hlífðarskór
- Stórir, sterkir plastpokar (svartir ruslapokar)
- Sterkt límband
- Góður pappakassi
- Rakadrægur pappír (má nota dagblöð)
- Úðabrúsi með sótthreinsilegi
- Rannsóknarbeiðni

### Sýnataka

- Klæðist hlífðarfátnaði
- Setjið hræið í plastpoka, og lokið vel
- Úðið plastpokann með sótthreinsiefni að utanverðu og setjið í annan plastpoka. Sótthreinsið skófátnað eða farið úr hlífðarskóm og setjið þá og ytri hanskana í þennan poka. Leggið með rakadrægan pappír. Lokið vel
- Setjið pokann með hræinu í þriðja pokann
- Í þeim tilvikum þar sem miklar líkur eru á smithættu fyrir fólk: farið úr hlífðargalla (snúið honum við) og takið af ykkur andlitsgrímuna og gleraugun og setjið í sérstakan poka til förgunar (má senda með sýninu). Farið að lokum úr innri hönskum og setjið í sama poka
- Lokið pokanum með sýninu vel með sterku límbandi
- Setjið í góðan pappakassa og leggið rakadrægan pappír með
- Þvoið ykkur vel um hendur um leið og þið hafið tök á því og sótthreinsið hendur

## Frágangur og sending

- Sýnin eru geymd í kæli og send sem kælivara
- Fyllið út rannsóknarbeiðni. Ef um stroksýni er að ræða skal tilgreina hvort um sé að ræða sýni úr koki, barka eða gotrauf (merking og lýsing á eyðublaðinu)
- Merkið sendinguna með eftirfarandi áletrun:

**Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum**  
**Keldnavegi 3, 112 Reykjavík**  
**Síminn 585 5100**  
**b.t. Vilhjálm Svanssonar (893 6777)**

Síðast uppfært: 4.5.2021

Heiti skjals: **FUF2** (stuðningsskjal 2 fyrir viðbragðsáætlun um fuglaflensu)